

tíðkað í atvinnustarfsemi sinni. Ber þar m.a. að líta til þess að í báðum tilvikum er aðeins um að ræða hluta af nafni sameignarfélags annars vegar og lögmannsskrifstofu hins vegar en ekki samnefni, sbr. 2. mgr. 10. gr. laga nr. 42/1903.

Samkvæmt þessu ber að sýkna gagnstefnda af kröfum gagnstefnenda. Rétt þykir að aðilar beri sjálfir eigin kostnað í báðum sökum.

Friðgeir Björnsson borgardómari kvað upp dóm þennan.

D ó m s o r ð:

Aðalstefndu, Sigurgeir Sigurjónsson, Gunnar H. Sigurgeirsson, Inga Sigurgeirsdóttir, Kristín Sigurgeirsdóttir og Margrét Sigurgeirsdóttir, skulu vera sýkn af kröfum aðalstefnanda, Arnar Þór.

Gagnstefndi skal vera sýkn af kröfum gagnstefnenda.

Málskostnaður fellur niður.

Föstudaginn 9. maí 1986.

Nr. 145/1986. **Ákærvaldið**

gegn

Péttri Ingólfssyni

Kærumál. Farbann. Trygging.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Halldór Þorbjörnsson, Bjarni K. Bjarnason og Guðmundur Jónsson.

Varnaraðili hefur með heimild í 3. tl. 172. gr. laga nr. 74/1974 skotið máli þessu til Hæstaréttar með kæru 22. f.m. er barst Hæstarétti næsta dag. Krefst hann þess að hinn kærði úrskurður verði úr gildi felldur og að sér verði heimilað að setja tryggingu fyrir því að hann komi hingað til lands er sóknaraðili krefst þess. Til vara er krafist styttingar á lengd farbanns. Þá krefst varnaraðili kærumálskostnaðar.

Af hálfu ákærvalds er þess krafist að úrskurðurinn verði staðfestur.

Samkvæmt því sem fram kemur í gögnum málsins kann opinbert mál að verða höfðað gegn varnaraðila fyrir auðgunarbrot Er nauðsyn að tryggja að varnaraðili komi þá fyrir dóm og svari til saka. Þar sem hann á eigi lengur heimili hér á landi en hefur flust til Danmerkur þykir verða að staðfesta úrlausn héraðsdóms um að honum skuli bönnuð brottför úr landi til 1. júlí nk., enda þykja eigi skilyrði til þess að leyfa honum brottför gegn tryggingu eða ábyrgð.

Kærumálskostnaður verður ekki dæmdur.

D ó m s o r ð:

Hinn kærði úrskurður er staðfestur.

Úrskurður sakadóms Reykjavíkur 22. apríl 1986.

Ár 1986, þriðjudaginn 22. apríl er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð er í Borgartúni 7 af Hirti O. Aðalsteinssyni fulltrúa, kveðinn upp úrskurður þessi.

RLR hefur gert þá kröfu að Pétri Ingólfssyni, fæddum 06.10. 1936, til heimilis að Tinggården 45, Holsterbro, Danmörku, verði með vísan til 72. gr. laga nr. 74, 1974 gert að halda sér innan íslenskrar lögsögu og að honum verði meinuð för frá Íslandi allt til þriðjudagsins 1. júlí nk.

Kærði hefur mótmælt kröfu RLR.

RLR hefur að undanfögnu unnið að rannsókn á ætluðum brotum kærða á 4. tl. 250. gr. almennra hegningarlaga samkvæmt fyrirmælum í bréfi ríkissaksóknara dagsettu þann 4. febrúar sl., en bú kærða var tekið til gjaldþrotaskipta með úrskurði skiptaréttar Reykjavíkur uppkveðnum þann 7. mars sl. Við meðferð þrotabús kærða kom fram að kærði fór af landinu skömmu fyrir gjaldþrotið og telst nú til heimilis í Danmörku. Áður hafði kærði selt nánast allar eigur sínar og fengið fyrir þær í peningum og verðbréfum kr. 9.307.818,00. Kærði hefur lýst því yfir að hann hafi varið öllu þessu fé til greiðslu skulda sinna, en samkvæmt greiðslukvittunum sem liggja fyrir nema greiðslur kærða til lánadrottna aðeins rúmlega kr. 7.000.000,00. Er kærði grunaður um að hafa hagað greiðslum til hagsbóta fyrir vandamenn sína og einstaka lánadrottna.

Þann 21. mars sl. var gefin út í sakadómi Reykjavíkur skipun um handtöku kærða, sem bjó í Danmörku, og með úrskurði uppkveðnum þann 5. apríl sl. í sakadómi Reykjavíkur var kærða gert að sæta gæsluvarðhaldi til miðvikudagsins 23. apríl nk. kl. 17:00. Framangreindum úrskurði var

skotið til Hæstaréttar Íslands er staðfesti úrskurðinn með dómi uppkveðnum þann 11. apríl sl.

Kærði á lögheimili í Danmörku og er því hætta á því að hann hverfi úr landi. Til þess að fullljúka megi rannsókn málsins og auðvelda meðferð þess á síðari stigum þykir því með hliðsjón af framansögðu og með vísan til 72. gr. laga nr. 74, 1974 rétt að taka kröfu RLR um farbann á hendur kærða til greina.

Ú r s k u r ð a r o r ð:

Kærði, Pétur Ingólfsson, fæddur 06.10. 1936, nafnnr. 7097-4444, skal sæta farbanni og er honum meinuð för frá Íslandi allt til þriðjudagsins 1. júlí nk.

Föstudaginn 9. maí 1986.

Nr. 32/1986. **Björgúlfur Pétursson**

gegn

Guðjóni Styrkárssyni

Synjað um frest. Áfrýjunarheimild. Máli vísað frá Hæstarétti.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús Þ. Torfason, Bjarni K. Bjarnason og Guðmundur Skaftason.

Áfrýjandi skaut málinu til Hæstaréttar með stefnu 11. febrúar 1986 til þingfestingar í marsmánuði. Fékk hann þá frest til maímánaðar. Er málið var tekið fyrir 2. maí sl. bað áfrýjandi um að málinu yrði frestað til júnimánaðar nk. Stefndi krefst þess að frestbeiðninni verði synjað og málinu verði vísað frá Hæstarétti. Báðir aðiljar gera kröfu um málskostnað.

Hinn áfrýjaði dómur er frávísunardómur bæjarþings Reykjavíkur, kveðinn upp 3. desember 1985. Samkvæmt 21. gr. 1. tl. b-lið laga nr. 75/1973 sætti hann því kæru og bar að afhenda hana héraðsdómara innan þess frests sem settur er í 1. mgr. 22. gr. lag-